

Ed.

381. Frumvarp til laga

[169. mál]

um breyting á lögum nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfraeði- og ættfræðirannsóknnum hér á landi.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Prestar þjóðkirkjunnar og prestar eða löggiltir forstöðumenn annarra trúfélaga hér á landi skulu skrá á sérstök eyðublöð, er þjóðskjalasafn lætur þeim í té, alla íslenska ríkisborgara, 15 ára og eldri, er þeir jarðsyngja. Skulu eyðublöðin útfyllt nákvæmlega og send æviskrárritara í lok hvers árs.

Nú jarðsyngur annar en hlutaðeigandi prestur lík, og skal hann þá senda sóknarpresti ásamt dánarvottorði þær upplýsingar um hinn látna, sem krafizt er samkvæmt lögum þessum. Sóknarprestur skal í árslok gefa æviskrárritara skýrslu um alla þá, er skráðir eru greftaðir í kirkjubók hans á áriou, og sé þess þar jafnan getið, hver jarðsöng.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðuneytisins. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Til þess að safna á hagkvæman hátt sem gleggstri vitneskju til skráningar þeirrar, sem framkvæma ber samkvæmt lögum nr. 30/1956, virðist einsætt að æfla prestum að senda æviskrárritara upplýsingar um alla þá íslenska ríkisborgara, 15 ára og eldri, er þeir jarðsyngja. Þeir þekkja bezt til eða fá að minnsta kosti ýtarlega frásögn af lífsferli þeirra, er andast.

Prestum er heimilt lögum samkvæmt að halda prestþjónustubókum heima, stundum allt að því 50 ár. Þjóðskjalasafninu er því einatt óhægt og jafnvel ömögulegt að ná til þeirra. Margir íslenzkir prestar hafa og löngum unnað þjóðlegum fróðleik og sumir þeirra unnið mjög þýðingarmikil störf á þeim vettvangi. Virðist því eðlilegt og nauðsynlegt að kveðja þá til samstarfs í þessum efnum. Ættu á þennan hátt að fást traustar heimildir til spjaldskrárgerðarinnar, án þess að því fylgi ýkja mikil aukin fyrirhöfn.

Um frumvarp þetta hefur verið haft samráð við biskup, þjóðskjalavörð og æviskrárritara.